

## Um Ísaak Babel

Rússneski rithöfundurinn Ísaak Babel fæddist inn í sæmilega stæða kaupmannsfjölskyldu í borginni Odessu árið 1894. Hann var gyðingur og vel að sér í hebresku en skrifaði á rússnesku. Hann sleit barnsskónum í heimaborg sinni og lauk þar grunnskóla, en fór í framhaldsskóla í Kænugarði. Í uppvextinum kynntist Babel þeirri mismunun sem gyðingar bjuggu við og ofsóknum á hendur þeim. Frá þessu segir hann í svokölluðum „ævisögulegum“ smásögum, einkum í „Sagan af dúfnakofanum mínum“ og „Fyrsta ástin“. Ættingjar hans hafa þó bent á að farið sé nokkuð frjállega með staðreyndir – og að í sögunum segi Babel frá fólki sem hann þekkti ekki og hann hafi sjálfur ekki orðið vitni að þeim ofsóknum sem þar sé lýst. Smásagan „Bernska. Hjá ömmu“ sem hér birtist í fyrsta sinn í íslenskri þýðingu er nokkuð eldri en frægustu „æskusögur“ höfundar. Hún er skrifuð árið 1915 en birtist fyrst á prenti árið 1965.

Hugur Babels stóð snemma til skrifta og að námi loknu fór hann til St. Pétursborgar til að reyna sig sem rithöfundur. Líkt og fleiri fór hann á fund Maxíms Gorkí sem gaf út fyrstu sögur hans í blaði sínu *Annálar*. Gorkí sá að hér var hæfileikamaður á ferð en taldi þó að nokkuð skorti á lífsreynslu hins unga rithöfundar og sendi hann út í lífið. Reynslutíminn varð sjö ár. Hann tók þátt í borgarastríðinu, starfaði fyrir leynilögregluna Tsjéka, menntamálaráðuneytið og í prentsmiðjum blaða í St. Pétursborg og Tíblisi, svo eitthvað sé nefnt. Árið 1924 birtust í tímaritinu *Lef* nokkrar sögur sem síðar urðu hluti af frægustu bók Babels, smásagnasafninu Rauða riddaraliðinu (rús. *Конармия*), þar sem fjallað er um borgarastríðið og herförina til Póllands. Þar með var ferill Babels sem rithöfundar hafinn.

Babel unni smásögunni og helstu fyrirmyndir hans voru Maupassant og Tsjechov. Honum var það metnaðarmál að hafa sögur sínar eins stuttar og kostur var og allur óþarfi var miskunnarlaust hreinsaður burt. Þessi list rís hvað hæst í sögunum af Rauða riddaraliðinu, þar sem grimmd stríðsins, sorg og sigrum er lýst með hlutlausum en skýrum hætti.

Velgengni Babels var talsverð á þriðja áratugnum en svo fór að halla undan fæti líkt og hjá fleiri rithöfundum í Sovétríkjunum. Hann var hann handtekinn árið 1939 og tekinn af lífi árið 1940. Að Stalín látnum fengu margir rithöfundar „uppreisn æru“ og Babel var þeirra á meðal. Nú á dögum er Babel talinn vera einn af merkustu smásagnahöfundum Rússlands og Sovétríkjanna.